

18.nóvember 2020

Fyrirspurn til Íbúaráðs Kjalarness.

Á fyrirhuguðum fundi Íbúaráðsins þann 19. nóvember er á dagskránni : *Skýrsla starfshóps íbúaráðs Kjalarness (seinni hluti) um úrlausn umbótaverkefna á Kjalarnesi dags. 12. nóvember 2020. Til framlagningar.*

Upphaflega skýrslan var sett inn á facebook síðu og íbúar hvattir til að kynna sér hana. Ég (ásamt væntanlega fleiri íbúum) hef kynnt mér skýrsluna auk þess að mynda mér skoðanir um innihald hennar.

Því miður hef ég ásamt öðrum íbúum Kjalarness ekki fengið tækifæri til að tjá skoðanir mínar og hafa áhrif á innihald skýrslunnar né koma að úrlausn umbótaverkefna.

Ég dreg ekki í efa að starfshópnum sem falið var að undirbúa tillögurnar hafi unnið frábært starf og þakka það.

Spurning mín er því þessi:

**Hvenær verður skýrslan og tillögur starfshópsins kynntar íbúum Kjalarness eins og upphaflega var áætlað?**

Það er ekki í anda lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar og tilgang Íbúaráðs að senda skýrslu starfshópsins til umfjöllunar/umsagnar borgarráðs eða nefnda borgarinnar án þess að nokkurt sameiginlegt samtal eða samráð við hinn almenna íbúa Kjalarness hafi átt sér stað.

Ég óska eftir að fyrirspurn þessi verði færð í fundargerð Íbúaráðsfundarins.

Sigríður Ingólfssdóttir,  
Kollafirði